



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Vinnureglur við úthlutun

1. **Rannsóknasjóður** Háskóla Íslands var stofnaður árið 1982 í þeim tilgangi að efla rannsóknastarfsemi við Háskólann. Vísindanefnd Háskóla Íslands fer með stjórn sjóðsins. Skrifstofa vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskólans sér um umsýslu sjóðsins.
2. **Til þess** að umsókn teljist styrkhæf verður vísindalegt gildi fyrirhugaðra rannsókna að vera ótvírætt. Verkefnið þarf að vera vel skilgreint faglega og tímaáætlun rökstudd. Einnig er nauðsynlegt að umsækjendur sýni fram á vísindalega hæfni sína og nægilega góða aðstöðu til þess að vinna fyrirhugað verk og að líklegt sé að niðurstöður fái birt í fræðiritum sem gera strangar kröfur.
3. **Úthlutað er** einu sinni á ári og rennur umsóknarfrestur venjulega út um miðjan október (sbr. auglýsingu hverju sinni). Umsækjendum er ráðlagt að kynna sér hverjir eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum og hvaða kostnaðarþætti sjóðurinn styrkir.
4. **Umsækjendum** er bent á að vönduð umsókn eykur líkur á styrkveitingu. Starfsfólk vísinda- og nýsköpunarsviðs er til aðstoðar fyrir umsækjendur eftir því sem kostur er. Hafi umsækjandi hlotið verkefnastyrk til annars verkefnis ber honum að skila lokaskýrslu um það eigi síðar en við nýja umsókn.
5. **Enda þótt** heildarverkefni geti tekið mörg ár eru umsækjendur beðnir að gera framkvæmdaáætlun og lýsa ítarlega verkþáttum komandi styrktímabils. Greiðslur styrkja dreifast á styrktímabilið í samræmi við greiðsluáætlun. Þær eru almennt millifærðar á bókhaldsnúmer styrkþegans hjá stofnun eða deild.
6. **Umsækjandi** skal gera grein fyrir einstökum kostnaðarþáttum og skýra hvers vegna þörf er á styrk til þeirra.
7. **Um styrkhæfi** umsækjenda vísast til ákvæða 29. gr. og 43 gr. reglna Háskólans. Prófessorar, dósentar, lektorar, rannsóknaprófessorar, rannsóknadósentar, rannsóknalektorar og aðjúntar í við Háskóla Íslands geta sótt um fé úr sjóðnum. Rannsóknaprófessorar, rannsóknadósentar, rannsóknalektorar skulu hafa rannsóknir að aðalstarfi.
8. **Stjórn sjóðsins** annast faglegt mat umsókna og mat á ritvirkni umsækjenda.
9. **Styrkir** eru einkum veittir til eftirtalinna kostnaðarþátta tengt rannsókninni:
 - a. **Launa vegna vinnu** meistaranema, doktorsnema, nýdoktora eða annarra sérfræðinga við rannsóknarverkefnið, samkvæmt umsókn.
 - b. **Efniskostnaður**. Aðeins er styrktur beinn efniskostnaður vegna rannsóknarinnar, ekki venjulegur skrifstofubúnaður s.s. tölvur

- c. **Ferðakostnaður** erlendis er ekki veittur nema þegar sýnt þykir að ferðin sé nauðsynleg vegna eðlis verkefnis. (s.s. öflun gagna á vettvangi vegna rannsóknarinnar) Enn fremur er höfð hliðsjón af því hvort umsækjandi hefur aðgang að öðrum sjóðum sem veita ferðastyrki. Ferðastyrkir eru veittir samkvæmt áætluðum kostnaði en ekki dagpeningaákvæðum.
- d. **Aðkeypt þjónusta** er t.d. sérfræðileg úrvinnsla eða öflun gagna, kannanir o.s.frv.
- e. **Annars kostnaðar** við rannsóknina sem ekki er talinn upp hér að framan.

10. Útlagður kostnaður er greiddur eftir því sem verkinu miðar, samkvæmt reikningum sem berast frá styrkþega. Ef um laun er að ræða ber að snúa sér til launadeildar, en reikninga vegna annars kostnaðar ber að senda til fjárreiðusviðs Háskólans.